



SVALBARÐSSTRÖND – FRAMTÍÐARSÝN

Fundur um sameiningarmál sveitarfélaga – framtíðarsýn svæðisins.

Um miðjan febrúar nk. köllum við saman íbúafund og ræðum framtíðarsýn sveitarfélagsins og sameiningarmál sveitarfélaga. Dreifibréf með nánari upplýsingum verður borið í hús þegar nær dregur.



- Fundurinn verður haldinn í Valsárskóla **laugardaginn 15. febrúar**. Fundurinn hefst kl. 9:45 og stendur til kl. 13:30
- Þátttakendum verður skipt upp í vinnuhópa
- Ýmis gögn er tengjast sameiningarmálum er að finna á vefsíðunni: www.svalbarðsströnd.is / **Sameiningarmál - íbúafundur**

Við hvetjum Ströndunga eindregið til að skoða gögnin, mæta og taka þátt í áhugaverðum umræðum.

Léttur hádegismatur verður í boði.

Með bestu kveðju, Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps

UPP MEÐ DANSSKÓNA

Næstu fjóra þriðjudaga, 14. janúar, 21. janúar, 28. janúar og 4. febrúar verður hún Anna Breiðfjörð með dansnámskeið á Svalbarðseyri.



Dansað verður frá kl. 19:45-21:15 í íþróttahúsinu við Valsárskóla. Farið verður í grunninn á gömlu dönsunum og jive og tjútt.

Allir velkomnir. Námskeiðið kostar 8.000 kr. á parið.

DÓSASÖFNUN

Dagana 15.-18. janúar megið þið eiga von á 9.-10. bekkingum úr Valsárskóla að safna dósum fyrir ferðasjóðinn sinn en þeir stefna að ferðalagi til Danmerkur á vordögum. Einnig má hringja í Fjölu í síma 892-0773 eða Þorgils í síma 896-3247 ef ykkur vantar að losna við dósir.

Með fyrirfram þökk

9.-10. bekkur Valsárskóla

ÁRSHÁTÍÐ VALSÁRSKÓLA

Nú erum við krakkarnir í Valsárskóla að æfa á fullu fyrir árs hátíðina okkar sem verður 23. janúar kl. 17:00. Okkur finnst mjög gaman að taka þátt í árs hátíðinni, það er svo gaman að mála og gera sviðsmynd, syngja, dansa, æfa texta og finna til og græja búninga. Það er mjög gaman á sjálfan sýningardaginn, það er gaman að sýna fjölskyldu og vinum hvað við erum búin að læra.



1. og 2. bekkur ætlar að sýna Bakkabræður.
3. og 4. bekkur ætlar að sýna Dýrin í Hálsaskógi.
5. og 6. bekkur ætlar að sýna Konung ljónanna.
7. - 10. bekkur ætlar að sýna Grease.



Við erum viss um að þetta verði skemmtileg sýning, við erum mjög spennt og hvetjum alla til að koma að horfa, allir eru velkomnir á sýninguna.

Kveðja 5.- 6. bekkur.

SNYRTISTOFAN SVEITASÆLA

Óskar öllum gleðilegs nýs árs og þakkar ánægjuleg samskipti á liðnu ári. Hlakka til að halda áfram að dekra við ykkur. Nýir viðskiptavinir velkomnir. Er staðsett á Lamb Inn Öngulsstöðum.

Hægt að fá allar helstu snyrtimeðferðir, nánari upplýsingar um meðferðir sem eru í boði og verð eru inná Facebook. Gjafabréf í dekur er tilvalin gjöf við öll tækifæri, þú velur ákveðna meðferð eða upphæð að eigin vali. Best er að hringja í mig ef þið viljið nálgast gjafabréf. Er með hágæðavörur frá Comfort Zone í vinnuvöru og til sölu.

Er með opið mán kl. 16:00-18:00, þri kl. 9:00-16:00, mið kl. 12:00-18:00, fim kl. 9:00-16:00 og fös kl. 9:00-15:00.

Tímamantanir í síma 833-7888 milli kl. 9:00-17:00 á daginn. Eftir kl. 17:00 og um helgar svarar símsvari.

Elín Halldórsdóttir snyrtifræðingur og danskennari

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 13. febrúar.

Silafrestur á efni er til kl. 15:00 þriðjudaginn 11. febrúar.



ÞORRABLÓT 2020

ÞAÐ STYTTIST GOTT FÓLK!

Kæru sveitungar, verið velkomin á þorrablót
laugardaginn 8. febrúar 2020 í Valsárskóla!

Húsið opnar 19:30 og borðhald hefst klukkan 20:30

Hljómsveitin VADLAHEIÐIN
spilar undir dansi og mun
Kjarnafæði enn eitt árið bjóða
upp á kræsingar



Miðaverð er 4.500 kr

Rútferð um sveitina og til Akureyrar verður frá Valsárskóla eftir blótið.

Hægt er að **panta miða** á netfanginu blot@svabardsstrand.is á skrifstofu hreppsins, þriðjudaginn 4. febrúar og miðvikudaginn 5. febrúar frá kl. 19-21. Ósóttir miðar verða afhentir á skrifstofutíma eftir miðvikudag ef þarf. Hægt er að leggja inn á reikning þorrablótsins 0162-26-75098 kt. 681088-3939 og senda kvittun á ofangreint netfang eða borga með beinhörðum peningum þegar miðar eru sóttir. Við viljum vekja athygli á því að það að leggja inn jafngildir ekki pöntun, senda þarf póst eða hringja til þess að panta miða.

